



Reykjavík, 4. febrúar 2019

R19010307

2130

Borgarráð

Starfshópur um uppfærslu áætlunar Reykjavíkurborgar um úthlutun lóða

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um uppfærslu áætlunar Reykjavíkurborgar um úthlutun lóða er lagt fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að vinna uppfærða áætlun um úthlutun lóða og uppbyggingarsvæði íbúðahúsnæðis. Í þeirri uppfærslu verði horft til næstu fimm ára með eins nákvæmum hætti um fjölda íbúða og staðsetningu lóða, uppbyggingarmöguleika og unnt er, auk þess sem horft verði í grófari dráttum til alls gildistíma aðalskipulagsins eða lengra. Sérstaklega verði hugað að því hvar svigrúm og tækifæri er til að tryggja uppbyggingu óhagnaðardrífinna húsnæðisfélaga, s.s. Bjargs, stúdenta, byggingafélaga eldri borgara, Félagsbústaða og annarra.



Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um uppfærslu áætlunar Reykjavíkurborgar um úthlutun lóða.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um uppfærslu áætlunar Reykjavíkurborgar um úthlutun lóða

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Átakshópur um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta úr stöðu á húsnæðismarkaði var skipaður af forsætisráðherra þann 4. desember 2018 og skilaði niðurstöðum þann 19. janúar sl. Helstu tillögur átakshópsins snúa að frekari uppbyggingu almennra íbúða, hækkun stofnframlaga og aðgerðum til að lækka fjármagnskostnað auk fleiri mikilvægra tillagna.

Reykjavíkurborg vill sem áður tryggja markvissa og fjölbreytta íbúðauppbyggingu í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur til 2030. Í tilefni af niðurstöðum átakshópsins er því rétt að uppfæra áætlanir borgarinnar um lóðaúthlutanir og uppbyggingarsvæði íbúðahúsnæðis og vinna drög að áætlun þeirra til næstu ára.

Reykjavíkurborg hyggst leggja sitt af mörkum til að tillögum átakshópsins verði hrint í framkvæmd eins og þær tillögur sem samþykktar voru í borgarráði þann 24. janúar sl. bera með sér, sem og aðrar aðgerðir sem þegar hafa verið settar í gang af hálfu borgarinnar. Á meðal þeirra tillagna sem borgarráð samþykkti þann 24. janúar sl. er að áætlun Reykjavíkurborgar um úthlutun lóða verði uppfærð með hliðsjón af þeim áherslum sem sjá má í tillögum átakshópsins.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að vinna uppfærða áætlun um úthlutun lóða og uppbyggingarsvæði íbúðahúsnæðis. Í þeirri uppfærslu verði horft til næstu fimm ára með eins nákvæmum hætti um fjölda íbúða og staðsetningu lóða, uppbyggingarmöguleika og unnt er, auk þess sem horft verði í grófari dráttum til alls gildistíma aðalskipulagsins eða lengra. Sérstaklega verði hugað að því hvar svigrúm og tækifæri er til að tryggja uppbyggingu óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga, s.s. Bjargs, stúdenta, byggingafélaga eldri borgara, Félagsbústaða og annarra.

Starfshópurinn skipa:

Haraldur Sigurðsson, umhverfis- og skipulagssviði.
Óli Jón Hertervig, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn hafi samráð við önnur fagsvið Reykjavíkurborgar eftir þörfum.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni uppfærðri áætlun um úthlutun lóða til næstu fimm ára eigi síðar en þann 1. mars nk.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson